

Viðhengi 2 Yfirlit yfir stöðu fjárfestingaheimilda dómstólasýslunnar og dómstóla 2023 og áætlun 2024-2028

<b>Dómstólasýslan fjárf. 06220</b>	Fjárlög 2023	Fjármáætl. 24	Fjármáætl. 25	Fjármáætl. 26	Fjármáætl. 27	Fjármáætl. 28
Fjárheimildir á árinu	56.300.000	56.300.000	56.300.000	56.300.000	56.300.000	56.300.000
Uppsafnaðar heimildir	99.967.639	106.267.639	87.567.639	28.867.639	-9.832.361	-8.532.361
Lækkun heimilda innan árs	-15.000.000	-15.000.000	-15.000.000	-15.000.000	-15.000.000	-15.000.000
Áætl. nýting innan árs	-35.000.000	-60.000.000	-100.000.000	-80.000.000	-40.000.000	-40.000.000
Samtals í lok árs	106.267.639	87.567.639	28.867.639	-9.832.361	-8.532.361	-7.232.361
<b>Héraðsdómtólar fjárf. 06210</b>	17.100.000	17.100.000	17.100.000	17.100.000	17.100.000	17.100.000
Uppsafnaðar heimildir	4.126.955					
Áætl. nýting innan árs	-21.226.955	-17.100.000	-17.100.000	-17.100.000	-17.100.000	-17.100.000
Samtals í lok árs	0	0	0	0	0	0
<b>Landsréttur fjárf 06205</b>						
Fjárheimildir á árinu	3.500.000	3.500.000	3.500.000	3.500.000	3.500.000	3.500.000
Uppsafnaður halli	-10.734.476	-10.734.476	-10.734.476	-10.734.476	-10.734.476	-10.734.476
Áætl. nýting innan árs.	3.500.000	3.500.000	3.500.000	3.500.000	3.500.000	3.500.000
Samtals í lok árs	-10.734.476	-10.734.476	-10.734.476	-10.734.476	-10.734.476	-10.734.476
<b>Hæstiréttur fjárf. 06201</b>						
Heimildir á árinu	2.100.000	2.100.000	2.100.000	2.100.000	2.100.000	2.100.000
Flutt milli ára	5.124.400					
Áætl. nýting innan árs	7.224.400	2.100.000	2.100.000	2.100.000	2.100.000	2.100.000
Samtals í lok árs.	0	0	0	0	0	0

Fjárfestingar á málefnasviði dómstóla munu á næstu árum einkum snúa að innri kerfum dómstólanna (bakendakerfi) sem Stafrænt Ísland tekur ekki þátt í að greiða. Þörf er á umfangsmiklum breytingum á málarekstrarkerfi dómstóla svo unnt sé að taka á móti og vinna með rafræn gögn sem berast í gegnum svonefnda Réttarvörslugátt sem dómsmálaráðuneyti þróar nú í samvinnu við dómstólasýsluna og stofnanir réttarvörslukerfisins. Einnig þarf að þróa hugbúnað til að safna og vinna tölfræðigögn. Þá þarf að fjárfesta í tækjabúnaði (tölvur og skjáir) fyrir dómsali svo málflutningur geti orðið að mestu stafrænn.

Dómstólasýslan hefur unnið að þróun núverandi kerfis héraðsdómstóla og Landsréttar síðustu ár vegna ákveðinna málategunda og gerir stofnunin ráð fyrir áframhaldandi þróun og uppfærslu á árinu 2023 fyrir um 25 millj. kr. Þá er gert ráð fyrir að dómstólasýslan verji um 10 millj. kr. vegna fjárfestinga í talgreini og viðhaldi á tæknibúnaði 2023.

Fjárfestingaáætlun dómstólasýslunnar 2024-2028 tekur mið af reynslu dómstólasýslunnar síðustu ár af þróunarkostnaði, auk áætlaðs kostnaðar við þróun annars nauðsynlegs hugbúnaðar vegna stafrænnar þróunar. Samtals er áætlað að dómstólasýslan verji um 250-300 millj. kr. í hugbúnaðarþróun á þessu tímabili. Þá er gert ráð fyrir að kostnaður dómstólasýslunnar vegna endurnýjunar á tækjabúnaði verði í heildina um 80-100 millj. kr. Þess má geta að fari dómstólasýslan þá leið að þróa að öllu leyti nýtt hugbúnaðarkerfi má ætla að fjárfestingakostnaðurinn verði hærri en að kerfið verði talsvert hagkvæmara í rekstri til framtíðar.

Þrátt fyrir mikla fjárfestingaþörf á næstu árum miðuðu áætlanir dómstólasýslunnar til dómsmálaráðuneytisins við að fjárfestingaheimildir dómstólasýslunnar myndu lækka um 15 millj. kr. frá og með 2023 og að rekstrarheimildir dómstólasýslunnar myndu hækka um sömu fjárhæð frá sama tíma. Tillagan var sett fram þar sem óumflýjanlegt var að ráða tafarlaust upplýsingatæknisérfræðing til dómstólasýslunnar, sbr. athugasemdir í fylgiskjali 1.

Dómstólarnir á öllum dómsstigum munu þurfa að fjárfesta í betri tölvubúnaði fyrir starfsfólk svo það geti sinnt störfum sínum jafn vel eða betur en nú án þess að prenta út gögn. Núverandi tölvubúnaður starfsfólks dómstóla var að mestu leyti keyptur 2018-2019 og mun því úreldast á næstu árum. Gera má ráð fyrir að nær allar fjárfestingaheimildir dómstóla fari í tækjakaup á tímabilinu 2024-2028. Eins og ráða má af yfirlitinu er staða fjárfestingaheimilda Landsréttar neikvæð og þarf að bregðast við því þegar nánari fjárfestingaáætlanir dómstólsins vegna tækjabúnaðar liggja fyrir.

Hæstiréttur vinnur nú að gerð samskiptagáttar fyrir dómstólinn. Gert er ráð fyrir að öllum uppsöfnuðum fjárfestingaheimildum dómstólsins verði varið í þróunina á árinu og að dómstólasýslan muni styðja frekari þróun kerfa Hæstaréttar til framtíðar.

## Viðhengi 2 Yfirlit yfir stöðu fjárfestingaheimilda dómstólasýslunnar og dómstóla 2023 og áætlun 2024-2028

Í framangreindum áætlunum hefur ekki verið gert ráð fyrir kostnaði vegna endurnýjunar á húsbúnaði eða breytinga og viðhalds á húsnæði sem er orðið löngu tímabært hjá mörgum dómstólum. Dómstólasýslan telur nauðsynlegt að fram fari mat á fjárfestingarþörf vegna þessa áður en farið er fram á auknar fjárheimildir. Gert er ráð fyrir að Ríkislögreglustjóri framkvæmi mat á þörf á öryggisúrbótum í húsnæði allra dómstólanna á þessu ári. Þegar það liggur fyrir fæst betri yfirsýn yfir fjárfestingarþörf dómstóla vegna húsnæðismála.